

**Nd.**

**268. Framvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 10, 27. júní 1921, um sendiherra í Kaupmannahöfn.

Flutningsm.: Hannes Jónsson.

1. gr. laga nr. 10, 27. júní 1921, skal orða þannig:

Heimilt er ríkisstjórninni að hafa sendiherra í Kaupmannahöfn, þegar fje er til þess veitt í fjárlögum. Konungur skipar sendiherra. Ef fje er veitt til sendisveitarritara, skipar ráðherra hann.

#### Greinargerð.

Á Alþingi 1924 flutti þm. Strandamanna (Tr. P.) frumvarp um afnám sendiherraembættisins í Kaupmannahöfn. Allsherjarnefnd Nd. hafði frumvarpið til meðferðar. Málið varð ekki útrætt á því þingi, en nefndin lagði til, að frumvarpið yrði samþykkt með breytingum á þskj. 72, sem voru samþ. við 2. umr. Er frumvarpið flutt hjer orðrjett eins og það kom frá nefndinni.

Fyr og síðar hefir verið rætt og ritað um það, hvort þetta embætti væri nauðsynlegt eða ekki. Virðist því ástæðulaust að rökstyðja þetta frumvarp frekar, en vísast til þess, sem áður er fram komið í málinu.